

Menntaskólinn á Akureyri (MA), kt. 460269-5129 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig MA uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

MA er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MA þjóna því.

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem e hvar sem er í veröldinni. Hluti af hefð MA er afar öflugt félagsstarf, sem stýrt er og skipulagt af nemendum sjálfum. Metnaðarfullt og heilbriggt félagsstarf er ásamt traustu bóknámi gott veganesti á lífsins braut.

Ný námskrá tók gildi í skólanum 2010. Þá var tekið upp nýtt einingakerfi og öllu námi þrepaskipt. Stúdentsprófið er skilgreint sem 240 eininga nám. Stúdentsprófið býður staðfestingar Námsmatsstofnunar. Í núverandi námskrá er stefnt að enn sjálfstæðara námi nemenda og aukinni færni þeirra til að takast á við nám, hvort sem er innanlands eða utan.

Einkunnarorð Menntaskólans eru **virðing - víðsýni - árangur**: að sýna starfi, umhverfi og fólki virðingu, vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun, leggja sig allan fram og gera eins vel og unnt er.

Skólasýn MA:

Skólastarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.

Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.

Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.

Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.

Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.

Skólastarfið eflir málvitund nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.

Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreytilegir og aðferðir við námsmat einnig.

Stjórn skólans

Við Menntaskólann á Akureyri starfar skólanefnd, skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn og hefur með að gera stefnumótun og áætlanagerð skólans. Einnig er við skólann skólaráð, skipað stjórnendum, kennurum og nemendum og fjallar um innri stjórn skólans.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu og stjórnar daglegum rekstri hans og gætir þess að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara, sviðsstjóra, verkefnisstjóra, kennara og aðra starfsmenn að höfðu samráði við skólanefnd.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum að daglegri stjórn skólans. Aðstoðarskólameistari hefur umsjón með stundaskrárgerð og annast prófstjórn og hefur með hendi eftirlit með fjarvistum nemenda.

Sviðsstjórar (tveir, í hálfu starfi hvor) hafa yfirumsjón með sínum námssviðum, kjörsviðum þeirra og frjálsu vali. Sviðsstjórar fylgjast með námsferlum og námsframvindu nemenda á námssviðinu, sjá um að raða í bekk og meta nám úr öðrum skólum. Sviðsstjórar vinna með fagstjórum að skólaþróun og þverfaglegu samstarfi og hvetja til fjölbreytts námsmats og fjölbreyttra kennsluhátta. Sviðsstjórar sjá um innritun ásamt öðrum stjórnendum og skrifstofu, skipta með sér setu í skólaráði og funda reglulega með öðrum stjórnendum og fagstjórum. Nemendur leita til sviðsstjóra síns með athugasemdir vegna stundaskrár, þess að velja eða sleppa áföngum, skipta um námsbraut og þar fram eftir götunum.

Fagstjórar (sjö alls) eru verkstjórar faghópa, hafa yfirumsjón með áfanga- og kennsluáætlunum, fylgjast með prófum og vinna að kennsluskiptingu með stjórnendum.

3. Viðfangsefni

MA stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

3.1 Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá Menntaskólans á Akureyri er birt á vef skólans, ma.is, ekki í einu skjali heldur eru allar upplýsingar um skólann birtar á vefnum og uppfærðar jafnóðum og þær breytast.

Svið

Námsbrautir (svið) í Menntaskólanum á Akureyri eru tvö, tungumála- og félagsgreinasvið og raungreinasvið. Auk þess er hægt að ljúka námi af tónlistarsviði.

Raungreinasvið

Nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi af raungreinasviði eiga að:

- hafa öðlast nægilega góðan undirbúning fyrir háskólanám sérstaklega í raungreinum og verk- og tæknigreinum
- hafa almenna og góða þekkingu á náttúruvísindum og stærðfræði
- hafa tileinkað sér vönduð vinnubrögð
- geta staðist/tekist á við námskröfur
- vera færir um að beita gagnrýnni hugsun
- hafa tileinkað sér tölulæsi og meðferð talna
- kunna að afla sér gagna og geti skilið þau og séu færir í úrvinnslu og meðhöndlun gagna
- hafa færni í að afla sér nýrrar þekkingar og viðhalda henni
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku

Tungumála- og félagsgreinasvið

Nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi af tungumála- og félagsgreinasviði eiga að:

- vera vel undirbúnir undir frekara nám á háskólastigi, sérstaklega í félagsgreinum og tungumálum
- hafa náð færni í þeim tungumálum sem þeir hafa valið að leggja stund á
- búa yfir góðri, almennri þekkingu á sviði félagsgreina, sérstaklega á þeim kjörsviðum sem nemendur hafa valið sér
- kunna til verka í upplýsingaöflun, heimilda- og rannsóknarvinnu
- vera læsir á menningu og siði ýmissa menningar- og málsamfélaga
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku

Almenn braut

Almenn braut er starfrækt við Menntaskólann á Akureyri. Hún skiptist í hraðlínu og stoðlínu. Hraðlína er ætluð nemendum með mikinn áhuga á bóklegu námi og háar einkunnir úr 9. bekk. Þeir styttu því námstíma sinn til stúdentsprófs um eitt ár. Þeim er kennt í fámennum bekk á fyrsta ári þar sem þeir njóta meiri umsjónar og stuðnings en í hefðbundnum bekk. Að loknu fyrsta árinu dreifast þeir svo í aðra bekki eftir námssviði. Stoðlína er ætluð nemendum sem vantar herslumuninn á að uppfylla skilyrði til almennrar inngöngu á bóknámsbrautir. Þeir fá stoðkennslu en dreifast að öðru leyti í bekki.

3.2 Skólabragur

Skólanámskráin og þar með taldar reglur og stefna um forvarnir eru birtar á vef skólans.

Jafnréttisstefna: <http://www.ma.is/is/thjonusta/jafnrettisaaetlun>

Áætlun gegn einelti: <http://www.ma.is/is/thjonusta/eineltisaaetlun>

Forvarnir: <http://www.ma.is/is/thjonusta/nemendavernd/forvarnir>

Foreldrafélag hefur verið starfandi við skólann frá 2003 og hefur lagt sitt af mörkum í

samvinnu við skólann til að bæta samstöðu nemenda, m.a. með því að koma á og kosta skálaferðir fyrstu bekkinga.

Nemendur eru lykilþáttur í því að halda góðum skólabrag, meðal annars með öflugum félagslífi og viðburðum sem haldnir eru í skólanum, svo sem afar vel sóttum kvöldvökum og 800 manna árshátíð. Allir viðburðir sem skólafélagið stendur fyrir eru algjörlega áfengis- og vímuefnalausir.

3.3 Innritun og brotthvarf

Reglur um innritun:

<http://www.ma.is/is/namid/innritun-nemenda>

<http://www.ma.is/is/namid/svid/almenn-braut>

Brotthvarf skólaárið 2014-15

Um 9% nemenda sem skráð voru í skólann skólaárið 2014-15 héldu ekki áfram námi í Menntaskólanum á Akureyri haustið 2015.

Námsráðgjafar skrá brotthvarf samkvæmt eyðublaði ráðuneytisins.

3.4 Kennslufyrirkomulag

Í Menntaskólanum á Akureyri er bekkjabundið áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir sem lýkur með prófatíð eða námsmati. Nemendur þurfa að ljúka hverju námsári að fullu til að geta sest í næsta bekk á eftir.

Eingöngu er kennt í dagskóla.

3.5 Nemendur með sérþarfir

Hvernig er komið til móts við nemendur með sérþarfir?

<http://www.ma.is/is/thjonusta/mottokuaetlun-fyrir-nybua>

3.6 Mat og eftirlit með gæðum

Upplýsingar um innra mat, áætlanir og skýrslur má finna á vef skólans:

<http://www.ma.is/is/skolinn/sjalfsmat-ma>

Ytra mat var síðast gert á vorönn 2011.

4. Sérstök rekstrarverkefni

Vegna þjónustusamnings Lunda, heimavistar MA og VMA og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, annast MA millifærslu á greiðslu ráðuneytis til Lunda. Þessi greiðsla er hluti af fjárveitingu til MA en hefur ekkert með rekstur skólans að gera.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

5.1 Markmið

Markmið MA eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

5.2 Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni MA styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur MA. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

6.1 Menntaskólinn á Akureyri

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhalð skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkt áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

6.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

Mennta- og menningarmálaráðherra

Skólameistari